

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Borgarbyggð.

Íbúðarbyggð að Varmalandi, breyting á deiliskipulagi.

Sveitarstjórn Borgarbyggðar samþykkti breytingu á deiliskipulagi íbúðarbyggðar að Varmalandi, á fundi sínum 8. maí 2025. Breytingin tekur til skipulags- og byggingarskilmála og skipulagsuppdráttar. Markmiðið er að skapa ramma utan um heildstæða fjölbreytta íbúðarbyggð, að byggingar falli vel inn í umhverfið og að lóðir séu hagstæðar í uppbyggingu. Aðrir skilmálar gildandi deiliskipulags haldast óbreyttir.

Deiliskipulagsbreytingin hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 123/2010 kveða á um og öðlast þegar gildi.

Borgarbyggð, 16. júní 2025.

Ásgerður Hafsteinsdóttir verkefnastjóri skipulagsmála.

B deild - Útgáfudagur: 1. júlí 2025